

Til formanna Rauða kross deilda

Reykjavík, 2. maí 2016

Ágætu formenn.

**Efni: Dagskrá utan aðalfundar föstudaginn 20. maí - Málstofur**

Stjórn Rauða krossins á Íslandi ákvað á fundi sínum í gær, fimmtudaginn 28. apríl, dagskrá og skipulag málstofa fyrir aðalfundinn, sem haldnar verða föstudaginn 20. maí. Dagskráin hefst á erindi um málsvarastarf félagsins og svo verður boðið upp á fjórar málstofur. Hver þeirra stendur yfir í 45 mínútur og farið verður tvisvar í gegnum hverja þeirra þannig að hver þátttakandi getur setið tvær málstofur.

Vinsamlega komið þessum upplýsingum áfram til aðalfundarfulltrúa og áhugasamir sjálfboðaliðar eru einnig velkomnir.

**Vinsamlega staðfestið mætingu á þessum degi með því að senda tölvupóst á Guðnýju H. Björnsdóttur, sviðsstjóra deildapjónustu, fyrir 12. maí.**

Dagskrá:

Kl. 15-15.30 Hvað felst í málsvarastarfi félagsins?

- Nína Helgadóttir, verkefnisstjóri á sviði deildapjónustu.

Kl. 15.30-17.30 Málstofur

- Framtíðarsýn Rauða krossins – Erum við að mæta þörfum samfélagsins?
- Alþjóðastarf á tímum einangrunarhyggju. Þátttaka deilda í alþjóðastarfi.
- Málsvarastarf og fordómar – Hvaða áherslur á félagið að hafa? Hvað merkingu hafa grundvallarhugsjónir Rauða krossins í þessum málum?
- Hjálparstarf í borgarsamfélagi.

Kl. 17.30-18.00 Niðurstöður úr málstofunum kynntar.

Að loknum málstofunum verður boðið til móttöku í fatabúð Rauða krossins að Laugavegi 116. Móttakan hefst kl. 18.30.

Fyrir hönd stjórnar,



Sveinn Kristinsson  
formaður